

Alþingi, atvinnuveganefnd
nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, þingskjal 392. 321. mál 2014-2015 og við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (kerfisáætlun), 305. mál 2014-2015, þingskjal 372

Í febrúar 2012, þegar Alþingi skipaði hina svokölluðu jarðstrengjanefnd, virtist sem bjartari tímar væru framundan í raflínu- og umhverfismálum Íslendinga. Það læddist að manni sú von að loks fengi náttúruperlan Ísland, okkar stærsta og dýrmætasta auðlind, að njóta réttlætisins og yfirgangur og eyðilegging í þágu erlendrar stóriðju yrði nú stöðvaður. Það er hins vegar öðru nær.

Með ofangreindum þingmálum er nú stigið risastórt skref aftur á bak og stórlega vegið að umhverfisvernd sem og vinnubrögðum í anda lýðræðislegra stjórnunarháttá.

Samkvæmt ofangreindum málum er nú mörkuð sú stefna, að meginflutningskerfi raforku verði í framtíðinni byggt upp með loftlínunum með tilheyrandi sjónmengun hinna stórkarlalegu háspennulínumannvirkja sem og spillingu á öðrum nýtingarmöguleikum lands og uppbyggingu annarra atvinnugreina heldur en þeirra orkufreku. Stefna þessi virðist einungis líta til hagsmuna raforkuframleiðenda og stórnotenda raforku. Það skal lögfesta að engu megi til kosta til að vernda umhverfið. Hvílik skömm sem það er, að þjóð sem er jafn rík og Íslendingar af vistvænum orkuauðlindum beri jafn litla virðingu fyrir náttúrunni sem hana fóstrar. Það verður ekki sagt um stefnu þessa að hún sé til þess fallin að skapa þjóðarsátt.

Hún er merkileg sú framtíðarsýn sem stjórnvöld bjóða þjóðinni; beita sér fyrir landspillingu fyrir erlenda stóriðju og orkufrekan iðnað, oft á tíðum mengandi, til að bjóða störf sem flest hver krefjast lítillar sem engrar menntunar, og í ofanálæg við heilsuspillandi starfsskilyrði. Hér er verið að skapa þjóð í fjötrum. Þjóð henumda af erlendum stóriðjurisum. Minnir heldur á þunglyndislega skáldskaparlýsingu en lýsingu á framtíðarsýn stjórnvalda eins „heitasta“ ferðamannalands heims.

Þá má segja að þingmál þessi séu hrein og bein aðför að lýðræðislegum stjórnunarháttum. Landsneti skal nú afhent skipulagsvald æðra skipulagsvaldi sveitarfélaga. Orkustofnun, sem nú dæmin sýna hversu ófagleg og ósjálfstæð er, skal vera eini eftirlitsaðilinn með Landsneti. Aðkoma almennings að jafn mikilvægum málaflokki skal takmörkuð. Þetta er sorglegra en tárur taki.


Að við skulum ekki hafa metnað til að gera betur! Sýna djörfung og dug og stíga skrefið. Hætta að vera eftirbátur annarra Evrópuþjóða þegar kemur að umhverfisvernd. Hvernig væri að marka okkur stefnu um að verða leiðandi í umhverfisvernd og lagningu raflína í jörð? Vera til fyrirmyndar. Orku- og umhverfismál eru í brennidepli um allan heim því í þeim liggur framtíðin. Þar er okkar vettvangur til að hljóta athygli og virðingu en ekki skít og skömm.

Það er dýrt að pissa í skóinn sinn. Landið er verðmætt, fjárfestum í framtíðinni og þorum að stíga skrefið sem er í takt við okkar hreina og fagra landa. Arðsins mun þjóðin njóta um ókomna tíð.

Ég vona að mér fyrirgefist að hafa ekki sent erindið innan setts tímafrests og tekið verði tillit til athugasemda þessara.

Ég undirrituð leyfi mér að leggja til við háttvirta þingnefnd og Alþingi, að bæði málin verði felld.

Virðingarfyllst



Guðrún D. Harðardóttir
Móaflöt 39, 210 Garðabæ
Netfang: ghardardottir@gmail.com